

## **Aðalfundur Foreldrafélags Auðarskóla haldinn í Auðarskóla þann 21. September 2011.**

Mættir voru Caroline A Baare-Schmidt, Arnar Eysteinson, Flora-Josephine Hagen Liste, Ingibjörg Jóhannsdóttir, Ingibjörg Anna Björnsdóttir, Þórunn Björk Einarsdóttir, Elísabet Svansdóttir og Sturlaugur Eyjólfsson skólastjóri.

Fundur var settur kl. 20:10

Caroline var fundarstjóri og Ingibjörg Jóh var fundarritari.

### **1. Skýrsla stjórnar.**

Stjórnin sagði frá störfum félagsins sl. vetur. Þau voru með hefðbundnum hætti. Hafður var pipakökubakstur til fjáröflunar fyrir brúðuleikhúsið sem kom með sýningu í desember. Öskudagsskemmtum var einnig haldin og var öllum kostnaði haldið í lámarki. Tvisvar sinnum var sent út fréttabréf. Fulltrúar stjórnar fóru á fund sveitastjórnar vegna lóðar leiksskólans og óskaði eftir því að lóðin yrði kláruð. Stofnað var netfang fyrir foreldrafélagið en þangað hafa fáir póstar komið. Eign félagsins er skv bankayfirliti frá júníbyrjun kr. 63.952,-, einnig á félagið inni 2 sinnum 100.000 hjá sveitarfélaginu vegna styrkja sem fengust á árunum 2010 og 2011 vegna fyrirhugaðrar leikhúsferðar, þessi styrkur hefur ekki ennþá verið nýttur.

### **2. Kosningar.**

- a. Kosning tengiliða hefur farið fram í eftirtöldum bekkjum/deildum og eru þeir:
  - a.i. Bekkjatenglar fyrir 1-2 bekk eru: Foreldrar Alberts Huga Arnarssonar og Þorkels Finns Guðbrandssonar.
  - a.ii. Bekkjatenglar fyrir 7 bekk eru: Svala Svavarsdóttir og Helga Guðmundsdóttir.
  - a.iii. Bekkjatenglar fyrir 8-9 bekk eru: Ásdís Melsteð og Íris Guðbjartsdóttir.
  - a.iv. Aðrir bekkjatenglar í grunnskóladeild hafa ekki verið kosnir.
  - a.v. Tengiliðir í Álfadeild: Caroline A Baare-Schmidt og Þórunn Björk Einarsdóttir.
  - a.vi. Tengiliðir í Bangsadeild: Sunneva Ósk Ayari og Þuríður Kristjana Bæringsdóttir.
- b. Kosning fulltrúa í skólaráð.
  - b.i. Ingibjörg Anna Björnsdóttir, Ingibjörg Jóhannsdóttir og Þórunn Björk Einarsdóttir.

b.ii. Varamenn: Anna Berglind Halldórsdóttir, Caroline A Baare-Schmidt og Rebecca Cathrine Kaad Ostenfeld.

c. Kosning í stjórn foreldrafélagsins.

c.i. Arnar Eysteinnsson, Caroline A Baare-Schmidt, Flora-Josephine Hagen Liste, Eva Björk Sigurðardóttir og Þorsteinn Jónsson.

c.ii. Varamenn: Ingibjörg Anna Björnsdóttir og Þórunn Björk Einarsdóttir.

d. Kosning fullrtúa foreldra í fræðslunefnd Dalabyggðar.

d.i. Aðalmaður: Arnar Eysteinnsson.

d.ii. Varamaður: Caroline A Baare-Schmidt.

### 3. Lagabreytingar.

Breyta þarf 9. grein í lögum félagsins og skal hún hljóða svona:

#### *9. grein*

*Tvö deildaráð starfa í félaginu; leikskólaráð og grunnskólaráð. Deildaráð funda svo oft sem þurfa þykir. Deildaráð skulu koma saman til formlegs fundar eigi sjaldnar en tvisvar á skólaárinu með stjórn félagsins. Stjórnin undirbýr og boðar til þessara funda. Þar skulu rædd mál er varða markmið og starf foreldrafélagsins, starf foreldra í deildum og verkefni skólaráðs.*

Samþykkt.

Fundi slitið kl. 21:30

Fundarritari.